

Aðbúnaður og umhverfisauðgun húsdýra

GUÐRÚN PÁLÍNA JÓNSDÓTTIR OG SIGRÍÐUR BIRNA BJÖRNSDOTTIR DÝRAHIRÐAR

13.1.2020

Kynnning á okkur

- ▶ Sigríður Birna Björnsdóttir
 - BSc Búvísindi LBHÍ (2017)
 - Dýrahirðir síðan 2017
- ▶ Guðrún Pálína Jónsdóttir
 - BSc Sálfræði HÍ (2013)
 - BSc Búvísindi LBHÍ (2016)
 - Starfsmaður síðan 2007



Húsdýragarðurinn

- ▶ Verið starfræktur síðan 1990
- ▶ „Markmið með byggingu hans var að kynna borgarbúum íslensku húsdýrin, færa þá nær íslenskum búskaparháttum og efla tengsl á milli manna og dýra“
- ▶ Í upphafi gert ráð fyrir **rúmlega tuttugu** dýrategundum
- ▶ Markmiðið var að gera þeim dýrum sem lifa á Íslandi góð skil, húsdýrum sem og villtum dýrum.

- ▶ www.mu.is



Íbúar garðsins

- ▶ Í dag eru um 30 dýrategundir og 250 einstaklingar sem búa í garðinum
- ▶ Um 170 ef skordýr eru ekki talin með.
- ▶ **Húsdýr** (kýr, svín, kindur, geitur, hestar, hænur, dúfur, gæsir, endur, kanínur og naggrísir)
- ▶ **Villt dýr** (selir, hreindýr, refir, minkar)
- ▶ **Skriðdýr** (grænkembur, skeggdrekar, slanga, skjaldbökur)
- ▶ **Skordýr** (förustafir, bjöllur, kakkalakkar, mjölormar, þúsundfætlur, froskdýr)
- ▶ **Lindýr** (sniglar)
- ▶ **Froskdýr** (trjáfroskar, eldmagakörtur, afrísk karta, hornafroskur)



Dýrahirðar og fræðslufulltrúar

- ▶ Fjórir fastráðnir í dýradeild ásamt deildarstjóra
- ▶ Tveir ásamt okkur:
 - Jón Gíslason *búfræðingur*
 - Alex Rafn Elfarsson *búfræðingur*
- ▶ Þrír verkstjórar um helgar
- ▶ Átta aðstoðadýrhirðar
- ▶ Þrír fastir starfsmenn í fræðslu og einn í hálfri stöðu
- ▶ Vinnum náið saman



Dýrahirðastarfið

- ▶ Mjög fjölbreytt og skemmtileg vinna. Rútína, en engin dagur eins
- ▶ Felst m.a. í því að:
 - ▶ Þrifa umhverfi dýranna
 - ▶ Fóðra dýrin
 - ▶ Sjá til þess að dýrunum líði vel
 - ▶ Umhverfisauðgun
- ▶ Mjög líkamlega krefjandi vinna :
 - 10 til 15+ þús skref á dag
 - Handmokum fimm tonnum af skít á viku



Fræðslustarf – mikilvæg þjónusta

- ▶ Í byrjun árs 2020 hafa alls 145 þúsund börn sótt fræðslu í garðinn frá árinu 1996
- ▶ 5.2 milljónir gesta frá því að garðurinn opnaði
- ▶ Fjölbreytt fræðsla í boði fyrir alla aldurshópa
 - ▶ Húsdýrin
 - ▶ Villtu dýrin
 - ▶ Vinnumorgunn
 - ▶ Hugrakkir krakkar
 - ▶ Leiðsagnir fyrir fullorðna/fyrirtæki/aðra hópa
- ▶ Á sumrin eru haldin Dýranámskeið. Um 200 börn sem komast að. Námskeiðin fyllast á nokkrum mínútum ásamt biðlista.
- ▶ Nánd við dýrin



Hvað er umhverfisauðgun?

- ▶ Umhverfisauðgun er örvun í umhverfi dýra sem getur verið félagsleg, hugræn, upplifun eða fóðrun. Markmið hennar er að auka vellíðan dýra og lífsgæði þeirra (The Shape of Enrichment)
- ▶ Reynt er að stuðla að náttúrulegri hegðun dýra og minnka streitu hjá þeim
- ▶ T.d. hægt að mæla með því að skoða hversu löngum tíma dýrið eyðir í að skoða „hlutina“
- ▶ Þau velja sér sjálf það sem þeim þykir áhugavert!
- ▶ Nánast engar íslenskar heimildir um umhverfisauðgun



Jákvæð samskipti við dýrin


- ▶ Jákvæð styrking (JS) er þegar áreiti birtist (stimulus) og tíðni hegðunar hjá dýri eykst vegna þess
- ▶ Getum notað JS til að þjálfa hegðun dýra markvisst
- ▶ Virk skilyrðing er þegar dýrið er búið er að læra að tengja ákveðna hegðun við ákveðið áreiti
- ▶ Dæmi. Svínin okkar
- ▶ Rannsóknir á dýrum sem benda til þess að jákvæð styrking sé ein áhrifaríkasta leiðin til að móta hegðun (Hiby, Rooney og Brashaw, 2004)
- ▶ Rannsókn frá árinu 2010 sýndi að hestar og þjálfarar þeirra náðu að byggja upp og viðhalda samböndum með endurtekinni jákvæðri styrkingu. Hestarnir mundu einnig eftir samböndum við ákveðna þjálfara. Þeir áttu þar að auki auðveldara með að læra áveðna hegðun og muna verkefni (Sankey, o.fl., 2010)



Af hverju umhverfisauðgun og jákvæð styrking?

- ▶ Jákvæð sambönd við dýrin
- ▶ Dýrum og mönnum líður vel
- ▶ Örvun fyrir dýrin
- ▶ Minni streita fyrir dýr og dýrahirða
- ▶ Eykur lífsgæði dýra
- ▶ Stuðlar að náttúrulegri hegðun dýra

- ▶ Öllum finnst gaman að fá hrós!
Jákvæð styrking



Mikilvægt að fylgjast með...

- ▶ Við tvær sóttum námskeið í London Zoo
- ▶ BIAZA domestic animal workshop
- ▶ 2 dagar 3. – 4. október 2019
- ▶ Fyrirlestrar og verklegt
- ▶ Fyrsta ráðstefnan um velferð húsdýra
- ▶ Snerist að miklu leyti um jákvæða styrkingu og umhverfisauðgun hjá húsdýrum
- ▶ Gaman að sjá hvað starfsfólk annara dýragarða eru að gera
- ▶ Fullt af nýjum hugmyndum!




Geitur - þjálfun

- ▶ Þjálfuðu með hjólabjöllum og fóðri
- ▶ Heyra í bjöllumni – koma og fá umbun
- ▶ Minni streita við meðhöndlun – þarf ekki að smala þeim
- ▶ Lærðu að þekkja nöfnin sín
- ▶ Allir fá jafn mikla umbun – engin yfirgangur hjá þeim sem eru ofar í virðingarröðinni
- ▶ Enn verið að smala í Húsdýragarðinum – sem er oft á tíðum streituvaldandi!



Lamadýrin – þjálfun

- ▶ Þrjú lamadýr og einn alpaca í London zoo
- ▶ Starfsfólk smíðaði bás sem dýrin ganga í gegnum við hverja fóðrun
- ▶ Lærðu að þekkja sína eigin fötu
- ▶ Dýrin mun rólegri í umgengni við menn og meðhöndlun á þeim gekk töluvert betur
- ▶ Minni streita fyrir dýr og menn – auðveldara að ná þeim
- ▶ Hugmynd um að yfirfæra þessa aðferð fyrir hreindýrin okkar



Svín – þjálfun

- ▶ Þjálfuðu svínin svo hægt væri að meðhöndla þau við læknisskoðun
- ▶ Svínin settust niður. Dýrahirðar þefuðu af eyrum þeirra, skoðuðu augu þeirra og þóttust gefa sprautu
- ▶ Markþjálfun – hægt að færa þau auðveldlega á milli staða – t.d. til að vigta þau, koma þeim út og inn og ef upp koma erfiðar aðstæður
- ▶ Þjálfun verður að hafa tilgang!



Starfsmenn frá Kaupmannahafnardýragarði

- ▶ Fræðslufulltrúi og dýrahirðir héldu fyrirlestur
- ▶ Spennandi hlutir að gerast þar
- ▶ Hættir að taka upp naggrísi - nota svokallað hengirúm
- ▶ Þjálfar hænur í fræðsluskyni – hoppa upp og fljúga niður
- ▶ Hættir með hestateyningu en eru með sýnikennslu um hross og eru með leikvöll fyrir hestana



Hestateyming

- ▶ Hestateyming var í gangi í dýragarðinum í Kaupmannahöfn í um 100 ár
- ▶ Breyttur tíðarandi
- ▶ Velferðarsjónarmið
- ▶ Hestarnir hættir að leita til gesta
- ▶ Voru alltaf að bíta frá sér
- ▶ Starfsmenn farnir að draga þá áfram
- ▶ Mörg börn á dag – engin umbun



Hestateyming

- ▶ Dýrahirðar í Kaupmannahöfn fengu Ninu Steigerwald til að aðstoða sig við að smíða hestaleikvöll
- ▶ Vegasalt – sem styrkir vöðva þeirra – skemmtun að halda jafnvægi
- ▶ Settu kamba á gerðið sem gestirnir gátu notað til að kemba þeim
- ▶ Voru með í dagskránni sinni fræðslustund og sýnikennslu
- ▶ Umhverfisaugðun fyrir hestana
- ▶ Hestarnir fóru að leita til gesta
- ▶ HESTARNIR HÆTTU AÐ BÍTA!



Naggrísir

- ▶ Streituvaldandi fyrir þá að grípa þá við þrif og í naggrísaklappi
- ▶ Flautuðu mikið og hættu að éta
- ▶ Starfsmenn í fræðslu þjálfuðu þá upp í að fara ofan á svokallað hengirúm. Færðir til í því við þrif og fræðslu
- ▶ Mun minni streita
- ▶ Naggrísir ekki lengur teknir upp
- ▶ Sér aðstaða fyrir klappstund



Umhverfisauðgun – verklegir tímar


- ▶ Okkur var skipt í nokkra hópa
- ▶ Sigríður smíðaði „gálga“
- ▶ Gunna stóran „óróa“
- ▶ Tók mjög stuttan tíma, ódýrt
- ▶ Margar hendur vinna létt verk



Smíðavinna



Gálginn



Óróinn



Kanínuórói



Aðrar hugmyndir



Hvernig getum við nýtt þessa reynslu?

- ▶ Nokkrar hugmyndir:
 - ▶ Endurskoða hestateyningu
 - ▶ Gefa sér tíma í þjálfun/umhverfisauðgun/leiktíma hjá öllum dýrum
 - ▶ Nýta sumarstarfsfólkið og hugmyndir þeirra betur
 - ▶ Hreindýr
 - ▶ Nagdýr
 - ▶ Svín
 - ▶ Öll önnur dýr – alltaf að endurskoða og gera betur
 - ▶ Hugmynd um að koma af stað vinnustofu fyrir gesti til að smíða umhverfisauðgandi hluti fyrir dýrin




Erum aðeins byrjuð...

- ▶ The Shape of enrichment – gagnagrunnur fyrir hugmyndir um umhverfisauðgun
- ▶ Höfum verið að gera góða hluti. Mætti vera meira skipulag og gera verkáætlanir
- ▶ Nýtum nýja tengslanetið
- ▶ Geitur
- ▶ Kindur
- ▶ Svínin
- ▶ Naggrísir
- ▶ Kanínur



Takmarkanir

- ▶ Gert ráð fyrir um 20 dýrategundum í upphafi. Í dag eru þær yfir 30. Takmarkað svigrúm til að stækka dýrasvæði.
 - ▶ Ekki nógu margir tímar í sólarhringnum. Mjög mikil rútína. Að uppfylla grunnþarfir dýranna tekur stóran hluta úr vinnudeginum okkar. Skortur á rými til að gera meira
 - ▶ Garðurinn er barns sína tíma varðandi dýrahald. Húsin og aðbúnaður eru að drappast niður og aðstæður ekki eins og best væri ákosið
 - ▶ Eins og í flestum tilfellum er skortur á fjármagni til að ganga í verkefni sem tengjast dýrum
 - ▶ Hugsunarháttur – við getum alltaf gert betur
- ▶ MYND



Versta setning sem til er :
„We´ve always done it that way“
Við höfum alltaf gert það svona

VERÐUM AÐ ENDURSKOÐA – VERA GAGNRÝNIN, SVEIGJANLEG
REYNUM AÐ BÆTA – ÞARF EKKI ALLTAF AÐ VERA DÝRT

Takk fyrir okkur

Heimildir

- ▶ Hiby, E.F., Rooney, N.J. og Bradshaw, J.W.S. (2004). Dog training methods: their use, effectiveness and interaction with behaviour and welfare. *Animal welfare*, 13, 63-69.
- ▶ Sankey, C. o.fl. (2010). Positive interactions lead to lasting positive memories in horses, *Equus caballus*. *Animal Behaviour*, 79, 4, 869-875.
- ▶ <https://theshapeofenrichmentinc.wildapricot.org/>
- ▶ www.mu.is